



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Guðjón Axel Guðjónsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 05. apríl 2006
Tilvísun: 2006030028
Bréfalykill: 50.4.3

Efni: Umsögn um umsókn frá Orkuveitu Reykjavíkur um rannsóknarleyfi ásamt fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi í landi Berserkseyrar við Kolgrafarfjörð

Orkustofnun hefur, með bréfi dagsettu 22. mars 2006, borist ósk Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis um að veita umsögn um framangreint erindi. Samkvæmt greinargerð Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 13. mars 2006, er markmið umsóknarinnar rannsókn á forðafræði auðlindar á Berserkseyri og eftir atvikum frekari öflun vatns vegna hitaveitu í Grundarfirði. Orkustofnun óskaði eftir að umsækjandi afmarkaði betur rannsóknarsvæðið og áætlaði eðlilegan tíma til rannsókna (tölvupóstur 3. apríl). Svar barst þann 4. apríl 2006.

Orkustofnun hefur farið yfir téða umsókn m.a. með hliðsjón af 18 gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eftir því sem við á.

Rannsóknirnar taka mið af jarðhita við Berserkseyri og hafa m.a. beinst að því að ákvarða legu sprungna sem honum tengjast. Rannsóknaráætlun fyrirtækisins beinist að mælingum í þeim tveimur borholum sem þegar hafa verið boraðar ásamt borun þeirrar þriðju og samskonar mælingum og prófunum á henni og hinum borholunum.

Afmörkun rannsóknarsvæðis eru skv. eftirfarandi hnitum:

X:305,440.37	Y:504,132.47
X:304,826.00	Y:502,610.85
X:307,540.63	Y:501,010.65
X:308,262.15	Y:502,646.57

Í umsókn Orkuveitunnar eru engar upplýsingar um jarðhitaréttindi, enda er ekki komið að umsókn um nýtingarleyfi.

Orkuveita Reykjavíkur tilkynnti áform sín um lagningu hitaveitu til Grundarfjarðar í desember 2005 og leitaði úrskurðar um matsskyldu framkvæmdarinnar. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að ekki væru líkur á að framkvæmdin hefði í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að hún skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Jafnframt beinir Skipulagsstofnun því til framkvæmdaaðila að fylgjast með áhrifum jarðhitanýtingar á uppstreymið á Laugaskeri og hvort áætlanir um þynningu affallsvatn í sjó standist.

Niðurstaða: Orkustofnun mælir með því að rannsóknarleyfi með forgangi að nýtingarleyfi til vinnslu á jarðhita verði veitt á grundvelli ofangreindar svæðisafmörkunar og

rannsóknaráætlunar umsækjanda. Ennfremur telur Orkustofnun, m.a með hliðsjón af athugasemdum Skipualgsstofnunar, að fjalla skuli um möguleika á að dæla niður affallsvatni og áhrif þess á forðafræði jarðhitans. Fallist verði á 4 ára gildistíma leyfis.

Með kveðju

Hákon Aðalsteinsson